

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnu-
skyni samkvæmt lögum nr. 73/2001 um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi
fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa eða leigu
hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2005.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 57/2001, um
breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, og 49. gr. laga nr.
50/1988, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 2. desember 2003.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Elmar Hallgríms.